

Sp. 879. Tillaga til þingsályktunar [317. mál]

um umferðarmiðstöð í Borgarnesi.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Alexander Stefánsson, Eiður Guðnason, Skúli Alexandersson, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um athugun á breyttu skipulagi fólksflutninga með tilliti til þess að komið verði á fót umferðarmiðstöð í Borgarnesi.

Greinargerð.

Góðar samgöngur eru mikilvægar í okkar þjóðarbúskap, enda er varið 10—15% af ríkisútgjöldum til þessa málflokks. Með betra vegakerfi hljóta samgöngur að aukast og skilyrði til góðrar þjónustu að batna. Hagræðingar er þörf á hinum ýmsu sviðum samgöngumála, ekki aðeins að því er varðar fjárfestingar í samgöngumannvirkjum, heldur og ekki síður í nýtingu þeirra til hagsbóta fyrir samfélagið. Þjónusta, sem veitt er hér á landi á sviði samgangna, gegnir þar mikilvægu hlutverki. Bent hefur verið á að ástæða væri til að endurskoða alla þætti samgönguþjónustu hér á landi með að markmiði aukna hagkvæmni, betri nýtingu flutningatækja, en meiri og öruggari þjónustu.

Athuganir Framkvæmdastofnunar ríkisins hafa leitt í ljós að einfalda þurfi leiðakerfi sérleyfisbifreiða, samhæfa hina ýmsu þætti samgönguþjónustunnar og að undangenginni rannsókn stofna eða byggja, ef þurfa þykir, flutningamiðstöðvar á ýmsum stöðum á landinu. Einnig þarf að athuga í þessu sambandi innanhéraðssamgöngur og athuga nýjungar á því sviði og hafa í huga betri nýtingu þeirra samgöngutækja sem til eru.

Undanfarin ár hafa farið allt að 50 000 manns með sérleyfisferðum um Vesturland á ári hverju. Með tilkomu brúar yfir Borgarfjörð fara allflestir farþeganna um Borgarnes. Meðalnýting hjá sérleyfum hefur verið misjöfn eða frá um það bil 20—80% eftir árum og árstímum. Í dag eru 5 sérleyfishafar sem aka frá Reykjavík til og um Borgarnes.

Með þeirri tillögu, sem hér er flutt, er gert ráð fyrir að sú endurskoðun, sem áður er vikið að, verði hafin og er því um að ræða hluta af stærri heild. Þau sérleyfi, sem þessi tillaga varðar, mynda nokkuð samfelld umferðarnet og leiða því hugann að aukinni hagkvæmni.